



## 1. fundur minjaráðs Vestfjarða.

Haldinn 29. janúar 2018 á Hólmavík.

*Fundinn sátu: Einar Ísaksson, Guðrún Stella Gissurardóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Jón Jónsson, Jón Sigurpálsson og Þór Hjaltalín. Steinunn Kristjánsdóttir boðaði forföll.*

*Annar, óformlegri, fundur minjaráðsins fór fram haustið 2016.*

### 1. Tilgangur og hlutverk minjaráðs.

Ráðið velti fyrir sér hlutverki sínu m.a. út frá lögum. Minjaverði og ráðinu fannst tilgangur ráðsins heldur óljós. Þór Hjaltalín reifaði hið svo kallaða „minjaráðsplagg“, en það er skjal útbúið af Minjastofnun þar sem gerð er grein fyrir helstu störfum og skyldum minjaráða.

Rætt var um stefnumörkun um minjavernd innan Vestfjarða. Þór Hjaltalín benti á að minjaráðið gæti komið að uppbyggingarverkefnum í héraði. Hófust þá umræður um útfærslur og fjármál. Hver myndi standa fyrir kostnaði, o.þ.u.l. Bent var á að hægt væri að stofna áhugamannafélög innan héraðs og þau félög gætu svo sótt um fjármagn í hina og þessa sjóði. Minjaráðið sem slíkt gæti ekki sótt um peninga. Góður rómur var gefin að þessu og nánar verður farið í möguleg verkefni á næsta minjaráðsfundi.

Tekið var fram að Minjastofnun hefði á undangengnum árum sótt um fjölda verkefna til uppbyggingar minjastaða á Vestfjörðum.

Annað sem kom fram var að nefndarmönnum þótti ráðið vanta skýr verkefni og mikilvægt væri að ráðið hefði vægi t.d. innan sveitarfélaga. Rétt væri að tengja ráðið beint við sveitastjórnir og senda sveitarfélögunum „minjaráðsplaggið“ þegar það væri tilbúið, ásamt tilkynningum um minjamál. Jón Sigurpálsson stakk upp á ráðið fengi formlegt erindisbréf.

Áhersla var lögð á góð samskipti við sveitarfélögin. Minjaráðsfulltrúar gætu tilkynnt sveitarfélögunum um sín málefni en einnig myndi minjaráðið vita hvað væri á könnu sveitarfélaga hverju sinni.

Þá var rætt mikilvægi þess að minjavörður á hverju svæði hefði vettvang til að ræða starfsemina. Vettvangsferðir eru mikilvægar fyrir starfsemi ráðsins, það þarf að þekkja starfssvæðið og mikilvæga minjastaði.

Rætt var um að fá kunnáttufólk til að halda fyrirlestra/kennslu t.d. hleðslunámskeið, fornleifaskráningu o.s.frv. fyrir áhugasama í héraði.

### 2. Minjavarsla.

Guðrún Stella vildi sjá meira gagnsæi í störfum Minjastofnunnar og ræddu aðrir fundarmenn um hvort ráðið ætti að tilkynna um framkvæmdir innan síns héraðs eða hvernig boðleiðirnar virkuðu. Í

kjölfarið fóru Þór og Einar yfir helstu skyldur minjavarða og ábyrgð þeirra gagnvart sveitarfélögum og byggingarfulltrúum.

### 3. Áframhaldandi starf.

Ákveðið var að halda minjaráðsfundi tvisvar á ári. Einn að vori og annan að hausti. Stungið var upp á nota Skype vegna langra aksturs leiða. Niðurstaðan varð að hægt væri að nota Skype ef nauðsyn bæri til en betra væri að hittast í persónu. Þá var einnig stungið upp á finna varamenn í ráðið. Samskiptaleiðir minjaráðs yrðu í gegnum tölvupóst, utan funda.

Í framtíðinni munu fundir verða haldnir á mismunandi stöðum innan Vestfjarða.

### 4. Nýr minjavörður.

Einar tilkynnti að hann myndi hætta um mánaðamótin febrúar/mars. Í kjölfarið var rætt að ekki hefði enn verið auglýst staða minjavarðar Vestfjarða. Ráðið lagði áherslu á mikilvægi þess að Vestfirðir hefðu minjavörð og skoruðu á Minjastofnun að staðan yrði fyllt sem fyrst.

Guðrún Stella hélt því fram að mikilvægt væri að staða minjavarðar yrði í Bolungarvík. Öðrum ráðsmönnum, ásamt minjaverði, þótti það ekki mikilvægt, heldur ætti Minjastofnun að vera í sjálfsvald sett hvar skrifstofa minjavarðar yrði og hentaði best fyrir minjavörsluna á svæðinu.

Jón Jónsson vildi bóka þakkir til Einars fyrir störf sín.

### 5. Annað

- a) Skilgreina þyrfti boðleiðir minjaráða til minjavarðar betur.
- b) Minjaráð yrði kynnt sveitastjórnnum og „minjaráðsplaggið“ yrði sent á sveitarfélög þegar það væri tilbúið.
- c) Fræða þyrfti ungmenni um friðuð hús og fornleifar.
- d) Ákveðið að minjavörður sendi fundargerðirnar á alla aðila í ráðinu.
- e) Sérstakar þakkir fær Jón Jónsson fyrir göngutúr/fræðslu um Hólmavík ásamt leiðsögn um ljósmyndasýningu.

Einar ritaði fundargerð.

Fleira ekki bókað, fundi slitið.

